

Mánudaginn 5. desember 1949.

Nr. 107/1949. **Réttvísinn** (Gunnar E. Benediktsson hdl.)

gegn

Elfasi Ben Sigurjónssyni (Þórólfur Ólafsson hdl.).

Setudómari próf. Ólafur Jóhannesson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Manndráp af gáleysi. Bifreiðalagabrot. Áfengislagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Það er að vísu ekki rétt að meta það játningu af hálfu ákærða, þó að hann telji líklegt, að Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir bifreið hans, þar sem hann lýsir því jafnframt, að hann hafi alls ekki orðið þess var. Ákærði lét Ágústu fara úr bílnum móti vilja hennar að sunnanverðu við Laugaveginn rétt fyrir austan Rauðarárstíg. Eftir það ók ákærði yfir Rauðarárstíginn, staðnæmdest örlitla stund fyrir framan hús Egils Vilhjálmssonar og tók þar upp í bílinn stúlku, sem var á leið til vinnu sinnar í húsi austar við Laugaveginn. Síðan ók ákærði samkvæmt framburði sínum og vitna aftur á bak suður á Rauðarárstíginn og þaðan aftur norður Rauðarárstíg og austur Hverfisgötu. Eitt vitni sá persónu ganga í áttina að Rauðarárstígnum frá þeim slóðum, sem Ágústa fór úr bílnum, rétt áður en ákærði beygði aftur á bak inn í Rauðarárstíginn. Þegar hér við bætist, að þessi atvik gerðust á þeim tíma, sem líklegast þykir, að slysið hafi gerzt, og öll ummerki á slystaðnum benda til þess, að Ágústa hafi orðið fyrir afturhluta á bíl, sem ekið var með sama hætti og áður segir um bifreið ákærða, og að hún hafi síðan dregið með bílnum þvert yfir Laugaveginn, þá þykir það nægjanlega sannað, að ákærði hafi orðið samvaldur að slysinu með ógætilegum akstri, þannig að varði við þau hegningarákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Hins vegar þykir ekki nægjanlega sannað, þrátt fyrir samtök ákærða og vitna þeirra, sem voru í bílnum með honum, um rangan framburð fyrir dómi, að ákærði hafi orðið var við, þegar slysið varð.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta héraðsdóminn, þó með þeirri breytingu, að refsingin verði fangelsi í stað varðhalds.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytninguþlaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Ben Sigurjónsson, sæti fangelsi 45 daga. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður að því leyti, sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytninguþlaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, héraðsdómslögmannanna Gunnars E. Benediktssonar og Þórólfs Ólafssonar, kr. 1200.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. marz 1949.

Ár 1949, miðvikudaginn 16. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1088—1089/1949: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Elíasi Ben Sigurjónssyni og valdstjórnin gegn Ólafi Bjarna Ólafssyni, sem tekið var til dóms hinn 23. fyrra mánaðar.

Málið er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Elíasi Ben Sigurjónssyni bílavíðgerðarmanni, Hringbraut 116 hér í bæ, fyrir brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum, nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum, nr. 24 16. júní 1941, og lögreglusamþykkt Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930, sbr. ákvörðun um einstefnuakstur um Laugaveg. Af valdstjórnarinnar hálfu er málið höfðað gegn kærðum, Ólafi Bjarna Ólafssyni vélstjóra, Rauðarárstíg 22 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum, nr. 33 9. janúar 1935.

Báðir eru þeir ákærður og kærður komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærður fæddur 1. júlí 1927 í Vestmannaeyjum, og hefur hann, svo að vitað sé, sætt eftirfarandi kærnum og refsingum:

- 1946 2/7 Rvík. Dómur lögregluréttar, 10 daga varðhald og sviptur ökuskirteini í 3 mánuði fyrir brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Rvíkur.
- 1947 15/10 Akureyri. Dómur aukaréttar, 1 mánaðar fangelsi skilorðsbundið fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaganna.
- 1948 2/2 Akureyri. Dómur aukaréttar, 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 106. gr., 111. gr. sbr.

20. gr., 118. gr., 3. mgr., og 244. gr. hegningarlaga, 17. og 18. gr. sbr. 38. gr. áfengislaganna, og 1. og 7. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

Kærður er fæddur 26. marz 1911 á Suðureyri í Tálknafirði, og hefur hann ekki, svo að vitað sé, sætt neinum kærnum eða refsingum fyrir brot á lögum.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Að morgni fimmtudagsins 7. október sl. kl. tæplega 6.30 var Magnús Bergmann Friðriksson, starfsmaður hjá dælustöð Hitaveitu Reykjavíkur, á leið að heiman frá sér til vinnu sinnar við Þvottalaugarnar innan við bæinn. Gekk hann fyrst, eftir að Njálsgötu sleppti, norður Hringbraut, en síðan austur Laugaveg eftir nyrðri gangstéttinni. Þegar hann kom móts við húsið nr. 105 við þá götu, kveðst hann hafa heyrt hljóð nokkurt, sem líktist stunum. Hélt hann síðan ferð sinni áfram án þess að athuga þetta frekar, unz hann kom að gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, en þá sá hann konu liggja á gatnamótunum nálægt vestari gangstétt Rauðarárstígs, og varð Magnúsi þá þegar ljóst, að sturnar stöfuðu frá konu þessari. Ekki athugaði hann fyrst í stað gaumgæfilega ástand konunnar, en hraðaði sér inn í Gasstöðina við Hverfisgötu, en hún (Gasstöðin) er þarna á næstu grösum, og gerði hann lögregluvarðstofunni þaðan aðvart um konuna, en gekk síðan aftur þangað, sem hún lá, og beið þar, þar til er lögreglumenn komu á staðinn. Þegar Magnús kom fyrst að nefndri konu, segir hann klukkuna hafa verið 6.25, en er lögreglumennirnir komu á staðinn, segir hann hana hafa verið nákvæmlega 6.30. Eftir þetta hélt Magnús áfram ferð sinni til vinnustaðar síns. Hann kveðst ekki hafa orðið var við neina bifreið í grennd við staðinn, sem konan lá á, er hann kom fyrst auga á hana, en er hann var á leiðinni frá konunni að Gasstöðinni, kveðst hann hafa séð bifreið nokkra aka austur Hverfisgötu, einmitt er hann var að ganga norður yfir götu þessa.

Kveðst Magnús hafa gefið bifreið þessari merki um að nema staðar, en ekki segir hann hana hafa gert það, enda telur hann óvíst, að stjórnandi hennar hafi tekið eftir merkinu. Sá Magnús síðast til ferða bifreiðar þessarar, er hún var þar stödd, sem Hverfisgata og Laugavegur mætast. Segir hann bifreið þessa hafa verið venjulega fólksflutningabifreið, en að öðru leyti hefur hann ekki getað lýst útliti hennar eða einkennum. Annan skó margnefndrar konu sá Magnús liggja nokkrum metrum norðar á Rauðarárstíg en konan lá. Tók hann skóinn og færði hann til hennar, en að öðru leyti kveðst hann ekki hafa hróflað við neinu á stað þeim, sem konan lá á. Magnús hefur tekið fram, að myrkur hafi verið, þegar hann fann konuna liggjandi á götunni, og hafi götulyking verið slæm á þeim slóðum. Segir hann þetta hafa stafað af því, að eitt götuljósið var bilað á þessum slóðum.

Eftir að Magnús Bergmann Friðriksson hafði gert lögregluvarðstofunni aðvart um konuna, brugðu þeir lögreglumennirnir Páll Eiríksson og Þórður Benediktsson við og fóru á staðinn. Er þangað kom, sáu þeir,

að blóð vætlaði úr munni hennar, og við athugun á götunni í kringum stað þann, sem hún lá á, kom í ljós, að slóð, sem konan virtist hafa dregið eftir, frá því að hún féll á götuna, þar til er hún stöðvaðist, var um 16 metrar. Sokkar konunnar voru rifnir á hnjánum og hnén blóðug, kápa hennar og kjóll, sem voru hengilrifin, voru flett upp að mitti, en buxur heilar. Gerðu nú lögreglumennirnir ráðstafanir til að fá sjúkrafreið á staðinn, og kom hún von bráðar og flutti hina slösuðu konu á Landspítalann, þar sem meiðsli hennar voru athuguð. Einnig gerðu fyrrnefndir lögreglumenn Axel Helgasyni rannsóknarlögreglumanni aðvart um slysið, og kom hann þegar á slysstaðinn, tók þar ljósmyndir, mældi staðinn og gerði af honum uppdrátt. Samkvæmt þessum uppdraetti hefur konan fallið á götuna um 3 metrum frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, en um 6 metrum frá gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, dregið síðan norður yfir þveran Laugaveg og stöðvað um 2 metrum frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, rétt norðan við mynni hans út á Laugaveg. Eins og fyrr er getið, mældist þessi slóð hinnar slösuðu konu vera um 16 metrar á lengd. Gatnamót Laugavegar og Rauðarárstígs eru malbikuð. Sunnan Laugavegar er Rauðarárstígur um 8 metrar á breidd, en um 13 metrar norðan hans. Veður mun hafa verið að mestu þurrt um það leyti, sem slys þetta varð.

Konan, sem fyrir slysi þessu varð, hét Ágústa Högnadóttir. Var hún gift kona, 47 ára að aldri, og átti heima á Laugavegi 126 hér í bæ. Það kom brátt í ljós, að meiðsli hennar voru mjög alvarlegs eðlis. Hefur Friðrik Einarsson læknir lýst þeim og líðan Ágústu, eftir að hún var flutt á Landspítalann, þannig í vottorði, út gefnu hinn 14. október sl.:

„Við skoðun finnst:

1. Efri helmingur af vinstra eyra er rifinn alveg af, og nær sárið dálítið fram á vangann. Storknað blóð í kringum eyrað og inni í hlust, en blæðing er nú að mestu hætt.
2. Hægri fótleggur er þverbrotinn um miðjan legginn, og dinglar fóturinn laus.
3. Ca. 10x10 cm stór kúla ofan á höfði með blæðingu undir húðinni.
4. 2 cm langt djúpt sár á vinstra upphandlegg.
5. Stórir marblettir og fleiður nærri því á öllum líkamanum, svo að allt of langt yrði upp að telja, hvar þau eru, en stærst eru þau á hnjám og öxlum.
6. Þrátt fyrir meðvitundarleysi kveinkaði sjúklingurinn sér sérlega mikið, ef þrýst var á brjóstkassann að framan. Seinna kom í ljós, að 9 *efstu rifin hvorum megin voru brotin.*

Mikil vínlykt var af vitum sjúklingsins. Sjúklingurinn var órólegur, byltist um í óráði. Púlsinn var framan af mjög daufur, en jafnaði sig síðan.

Gert var að sárum og öðrum meiðslum sjúklingsins eftir föngum og hún lögð í rúmið. Eftir svo sem klukkutíma fór hún að rakna við og gat t. d. sagt til nafns síns og hvar hún ætti heima. Hún svaraði, þegar

á hana var yrt, það um vatn að drekka og þess háttar, en komst þó aldrei vel til meðvitundar.

Seinni hluta dags 8/10 hrakaði henni stöðugt, og hún dó kl. 19.15 eða réttum 1½ sólarhring, eftir að hún kom á spítalann.“

Daginn eftir að Ágústa lézt, var í Rannsóknarstofu háskólans framkvæmd réttarkrúfning á líki hennar. Segir svo um dánarorsökina í ályktun krúfningarskýrslunnar:

„Ályktun: Við krúfninguna hefur komið í ljós, að konan hefur orðið fyrir mjög miklum áverka á brjóstið ofanvert með þeim afleiðingum, að 9 efstu rifin hafa brotnað heggja vegna og brjóstbeinið rifnað úr skorðum hægra megin. Einnig var þverbrot á hægri fótlegg. Útlit er fyrir, að áverkar þessir hafi valdið losti (shock) og afleiðing þess verið lómun á þörmum; þetta allt sameiginlega dregið konuna til dauða.“

Reynt hefur verið við rannsókn málsins að komast fyrir um, hver hafi verið ferill Ágústu, áður en slysið vildi til, svo og, með hvaða hætti hún hlaut lemstur þau, sem leiddu hana til bana. Eftir því sem næst verður komið, virðist ferill hennar hafa verið þessi frá því að kvöldi miðvikudagsins 6. október sl. þar til laust fyrir kl. 6.30 að morgni fimmtudagsins 7. sama mánaðar, en þá virðist slysið hafa orðið:

Umrætt kvöld (6. okt. sl.) sátu þau Valdís Jónsdóttir húsrú, Laugavegi 135, og Ámundi Halldórs Ámundason verkamaður, Meðalholti 9, að drykkju í kjallara hússins nr. 40 við Hverfisgötu, en þar búa hjónin Þórdís Guðjónsdóttir og Jens Kristján Kristjánsson. Veitti Ámundi Halldórs vínið. Um kl. 9 um kvöldið brá Valdís sér frá, en kom brátt aftur, og var þá Ágústa Högnadóttir í fylgd með henni. Kveðst Valdís hafa sótt Ágústu heim til hennar (Ágústu) og farið með henni í fyrrnefnt hús, af því að hún (Valdís) hafi verið búin að lofa að fara út með henni þetta kvöld. Í húsi þessu (Hverfisgötu 40) neytti Ágústa heitin nokkurs áfengis og komst lítilliga undir áhrif þess, og t. d. seldi hún upp þar. Um kl. 1 um nóttina var áfengið þrotið, og var þá búizt til brottferðar. Fór þá Ámundi Halldórs fótgangandi niður í bæinn og fékk þar leigða bifreið, sem Tómas Þórarinn Jónsson bifreiðarstjóri, Mjólnisholti 10, ók. Lét Ámundi síðan bifreið þessa aka sér að Hverfisgötu 40, þar eð ætluin var að aka þeim Valdís og Ágústu heim til þeirra þaðan. En er þangað kom, var Valdís farin, en Ágústa settist inn í bifreiðina, og var síðan haldið inn Hverfisgötu. En er komið var að gatnamótum Snorra- brautar, ók bifreiðin fram á Valdís, þar sem hún var fótgangandi á ferð. Settist hún síðan inn í bifreiðina, og var henni síðan ekið heim til hennar að húsinu nr. 135 við Laugaveg, og fór hún þar út úr bifreiðinni, en Ágústa heitin var eftir í bifreiðinni. Var síðan ekið nokkuð niður Laugavegin og að húsinu nr. 126, en þar bjó Ágústa, og fór hún þar út úr bifreiðinni. Þess skal getið, að Ágústa heitin mun hafa verið búin að hafa orð á því, að hún vildi gjarnan halda áfram að neyta áfengis, en ekki mun Ámundi Halldórs hafa haft hug á því fyrir sitt leyti, og varð ekki neitt úr þessu að sinni. Lét síðan Ámundi Halldórs umrædda leigubifreið aka sér heim til sín.

Þegar Ágústa heitin fór út úr bifreiðinni við heimili sitt, mun klukkan hafa verið 1—1½ aðfaranótt hins 7. október sl. Um kl. 2 umrædda nótt ók Óskar Arnar Lárusson bifreiðarstjóri, Hringbraut 102, bifreið sinni niður Laugavegin. Við bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar í húsinu nr. 116 við nefnda götu stóð þá kona nokkur, sem eftir því, sem næst verður komizt, var Ágústa Högnadóttir, og gaf hún Óskari Arnar merki um að nema staðar, sem hann og gerði. Settist konan síðan upp í bifreiðina hjá Óskari Arnar, og ók hann henni síðan eftir beiðni hennar niður í bæinn og síðan eitthvað um miðbæinn. Ekki segir Óskar konu þessa hafa gefið skýr svör, er hann spurði hana, hvert hún vildi láta aka sér. Segir hann hana hafa verið ölváða, ekki haft peninga til að greiða honum bifreiðarleiguna með og færzt undan að fara úr bifreiðinni. Eftir nokkurt þref segir hann hana þó loks hafa fallizt á að fara úr bifreiðinni við Litlu bílastöðina við Rauðarárstíg. Um kl. 3 um nóttina, að því er Óskar Arnar heldur, kveðst hann hafa ekið aftur fram hjá Litlu bílastöðinni, og sá hann þá konu þessa þar, og var hún þar að ræða við mann nokkurn, sem Óskar taldi tilheyra gulri fólksbifreið, sem sennilegt er, að því er síðar upplýstist, að verið hafi bifreiðin K. 248. Klukkan langt gengin 4, að því er Óskar Arnar gizkar á, kveðst hann enn hafa átt leið fram hjá Litlu bílastöðinni, og sá hann þá sömu konuna, sem hann hafði ekið fyrr um nóttina, og var hún nú sett inn í bifreiðina, sem fyrr er nefnd (sennilega K. 248).

Um kl. 4 umrædda nótt ók Rafn Úranus Aðalsteinsson bifreiðarstjóri, Almannadal við Suðurlandsbraut, bifreið austur Hverfisgötu, og var Hörður Sigurbergur Kristinsson verkamaður, Hverfisgötu 83, farþegi í bifreið hans. Urðu þeir félagar þá varir við konu nokkra, sem sat á gangstéttarbrún Hverfisgötu móts við Litlu bílastöðina. Gengu þeir Rafn Úranus og Hörður Sigurbergur til konu þessarar og tóku að athuga ástand hennar og hverju það sætti, að hún sat þarna. Urðu þeir þess þá varir, að konan var að visu ölvuð, en annars sjálfbjarga. Lét konan í ljós við þá féлага, að hún hefði fullan hug á að halda áfram að skemmta sér. Þegar þeir félagar voru að tala við umrædda konu, bar að bifreið, sem Rafn Úranus heldur hafa verið bifreiðina K. 248, og nam hún staðar við bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Í bifreið þessari sá eða þóttist Rafn Úranus sjá 2 menn, bifreiðarstjórnann og annan mann til, en ekki sá hann þá hafa neitt samband við nefnda konu. Hurfu þeir Rafn Úranus og Hörður Sigurbergur síðan á brott, eftir að konan hafði fært sig upp á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Eftir því, sem síðar kom á daginn, er sennilegt, að margnefnd kona hafi verið Ágústa heitin Högnadóttir, en menn þeir, sem í bifreiðinni K. 248 voru, þeir ákærður og kærður.

Klukkan að ganga 5 að morgni fimmtudagsins 7. október sl. ók Sigurður Kristinn Ásbjörnsson bifreiðarstjóri, Mímisvegi 2, bifreið sinni austur Hverfisgötu. Veitti hann þá bifreiðinni K. 248 athygli, þar sem hún stóð á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar. Af eintómri forvitni kveðst hann hafa ekið að bifreið þessari og lýst með ljósum bifreiðar

sinnar inn í bifreið þessa og sá þá tvo karlmenn sitja í framsæti hennar, en í aftursæti sá hann sitja konu, sem hann kannaðist nokkuð við og vissi m. a., að bjó á Laugavegi 126. Meðan Sigurður Kristinn dokaði þarna við, segir hann bifreiðina K. 248 hafa ekið af stað austur Hverfisgötu. Síðari hluta þessa sama dags. (7. október sl.), eftir að Sigurður Kristinn hafði frétt um slysið á Rauðarárstíg, kveðst hann hafa sagt kunningja sínum, Bjarna Einarssyni bifreiðarstjóra, Bergstaðastræti 25, frá því, að hann hefði þennan sama morgun séð konu þá, sem fyrir slysinu hafði orðið, í bifreiðinni K. 248. Litlu síðar voru þeir Sigurður Kristinn og Bjarni á ferð í bifreið Bjarna hér um bæinn. Urðu þeir þá varir við bifreiðina K. 248, stöðvuðu hana og ræddu við stjórnanda hennar. Sögðu þeir honum m. a., að konan, sem fyrir slysinu varð þennan sama morgun, væri hin sama sem Sigurður Kristinn hefði séð í bifreið hans þá um morguninn. Réðu þeir bifreiðarstjóra þessum síðan til að gera rannsóknarlögreglunni aðvart um þetta, og kvaðst hann mundu gera það.

Eftir þetta þótti augljóst, að menn þeir, sem í bifreiðinni K. 248 höfðu verið umræddan morgun, — en það reyndust vera þeir ákærður, sem ók bifreiðinni, og kærður, sem var farþegi í henni, — mundu geta gefið einhverjar upplýsingar um feril Ágústu heitinnar Högnadóttur hinn sama morgun sem hún fannst nær dauða en lífi af lemstrum á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs. Þóttu framburðir manna þessara brátt gefa tilefni til, að þeim yrði haldið í gæzluvarðhaldi, og voru þeir síðan að undangengnum úrskurði hafðir í haldi 1½ viku, meðan á rannsókn málsins stóð.

Eftir að þeir ákærður og kærður höfðu oftast en einu sinni breytt framburðum sínum um ýmis atriði, skýrðu þeir loks svo frá ferli sínum aðfaranótt hins 7. október sl. og að morgni sama dags: Um það leyti, sem margnefnt slys varð, hafði ákærður bifreiðina K. 248 undir umráðum sínum, en eigandi hennar er Lárus nokkur, búsettur á Sauðárkróki. Bifreið þessi mun vera fólksbifreið af gerðinni „Dodge“. Kveðst ákærður hafa fengið bifreið þessa hjá eiganda hennar undir því yfirskeyti, að hann ætlaði að aka henni sem leigubifreið til mannflutninga, en ekki hafi hann þó gert þetta, enda hafi hann ekki réttindi til að stunda fólksflutninga með bifreið fyrir greiðslu, heldur kveðst ákærður hafa ekið bifreiðinni um þetta leyti fyrir sinn eigin reikning og kærðs, sem þá mun hafa verið í félagsskap með honum.

Aðfaranótt hins 7. október sl. voru þeir ákærður og kærður að aka í nefndri bifreið, og stjórnaði ákærður henni allan tímann, enda mun kærður ekki hafa bifreiðarstjóraréttindi. Fóru þeir víðs vegar um bæinn þessa nótt, höfðu með sér í bifreiðinni 8 flöskur af brennivíni og seldu 4—5 þeirra um nóttina hingað og þangað um bæinn og fengu greitt fyrir vínið ýmist peninga (kr. 90.00 fyrir hverja flösku) eða benzín-skömmunarmiða. Um kl. 3 umrædda nótt voru þeir ákærður og kærður staddir á bifreiðastæði Litlu bílastöðvarinnar við Hverfisgötu. Sáu þeir þá konu nokkra standa við bakdyr afgreiðsluhúss stöðvar þessarar, en

dyr þessar munu vita mót vestri. Þeir ákærður og kærður hafa báðir borið við rannsókn málsins, að þeir muni ekki sérstaklega eftir því, að þeir hafi átt tal við konu þessa í þetta skipti. Eftir þetta óku þeir félagar aftur niður í bæinn, en komu aftur að Litlu bilastöðinni um 1 klst. síðar, og lagði ákærður nú bifreið sinni á bifreiðastæði nefndrar bifreiðastöðvar. Sáu þeir félagar, ákærður og kærður, nú aftur konu á bifreiðastæðinu, og telja þeir það vera hina sömu sem þeir sáu þar áður — eða um 1 klst. áður. Í þetta skipti segja þeir konuna hafa setið í göturæsinu, og hafi hún bersýnilega verið mjög ölvuð. Komu nú að tveir menn, sem studdu hana upp á bifreiðastæðið og létu hana setjast þar á steinbrik nokkra. Munu það hafa verið þeir Rafn Úranus Aðalsteinsson og Hörður Sigurbergur Kristinsson, sem áður er getið. Eftir að menn þessir voru fyrir nokkru farnir af staðnum, gekk annar hvor þeirra, ákærður eða kærður, eða báðir til konunnar og buðu henni að setjast upp í bifreiðina K. 248. Hún hafði ekki á móti því, og hjálpuðu þeir henni inn í aftursæti bifreiðarinnar. Þar sofnaði hún og svaf nokkra stund, en er hún vaknaði eftir á að gizka $\frac{1}{2}$ klst., að því er ákærður telur, gáfu þeir félagar henni brennivín, og virtist hún hressast við þetta, að því er ákærður segir. Þegar hér var komið sögu, varð það úr, að ákærður ók nokkuð inn fyrir bæinn. Hélt hann austur Miklubraut, en nam staðar nálægt kartöflugörðunum, sem liggja í svonefndri Kringlumýri. Ekki er vitað, hver átti uppástunguna að því, að á þennan stað var ekið. Eftir að bifreiðin nam staðar á nefndum stað, færði kærður sig í aftursætið til konunnar, sem síðar kom á daginn að muni hafa verið Ágústa Högnadóttir. Heldur ákærður því fram, að nú hafi kærður haft holdlegar samfarir við Ágústu, en þessu neitar kærður. Litlu síðar, meðan dvalizt var á fyrrnefndum stað, fór ákærður einnig í aftursæti bifreiðarinnar, eftir að kærður var þaðan farinn, og settist hann þar hjá Ágústu heitinni. Segir ákærður hana nú hafa viljað láta vel að sér, en ekki hafi hann haft neinn hug á atlotum við hana, og hafi hann því fært sig aftur í framsæti bifreiðarinnar. Ákærður gizkar á, að staðið hafi verið við um 1 klst. við kartöflugarðana í Kringlumýri. Eftir þetta sneri ákærður bifreiðinni við og ók síðan vestur Miklubraut, síðan norður Lönguhlíð á Laugaveg og loks vestur Laugaveg. Er komið var að húsinu nr. 126 við síðastnefnda götu (Laugaveg), stöðvaði ákærður bifreiðina, að því er næst verður komizt, eftir beiðni Ágústu Högnadóttur. Þegar til kom, segir ákærður konuna þó alls ekki hafa viljað fara út úr bifreiðinni þarna við heimili sitt, og hafi ekki tekizt að fá hana til þess fyrr en eftir á að gizka 10 mínútna þref. Að lokum hafi kærðum þó tekizt að fá Ágústu til að fara út úr bifreiðinni, og hafi hann síðan leitt hana upp að húsinu, sem hún bjó í (nr. 126 við Laugaveg). Báðir hafa þeir ákærður og kærður borið, að þeir hafi ekki séð hana fara inn í hús sitt, áður en þeir óku áfram vestur Laugaveg. Er komið var að húsinu nr. 118 við nefnda götu, þar sem er bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar, sáu þeir félagar stúlku, sem þeir þekktu, og stöðvaði ákærður því bifreiðina á þessum stað. Stúlka þessi heitir Ragnhildur Sveinsdóttir afgreiðslu-

stúlka, Sólvallagötu 6 hér í bæ, og var hún á leið til vinnu sinnar í veitingastofuna Bjarg í húsinu nr. 166 við Laugaveg, þegar þeir ákærður og kærður mættu henni þennan morgun. Buðu þeir félagar Ragnhildi nú inn í bifreiðina, og settist hún í framsæti hennar milli þeirra. Þess skal getið hér, áður en lengra er haldið, að húsið nr. 118 við Laugaveg, sem ákærður stöðvaði bifreið sína við, stendur á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, sunnan megin við þau. Tók ákærður því það til bragðs, þar eð ætlunin var að aka Ragnhildi til vinnustaðar síns, að aka aftur á bak austur Laugaveg að gatnamótum Rauðarárstígs, beygja síðan suður Rauðarárstíg og snúa bifreiðinni þannig við til hálfis, en aka síðan áfram norður Rauðarárstíg og komast þannig norður á Hverfisgötu, sem er næsta gata, sem liggur samhliða Laugavegi, norðan megin við hann. Einstefnuakstur til austurs er um Hverfisgötu, en til vesturs um Laugaveg. Ákærður hefur tekið fram, að hann hafi ekið um 2—3 bifreiðalengdir aftur á bak austur Laugavegin, eftir að Ragnhildur Sveinsdóttir kom upp í bifreiðina, en aðeins ekið örstuttan spöl aftur á bak suður Rauðarárstíginn, eða þar til bifreiðin var orðin rétt fyrir á honum, þannig að hann gæti síðan ekið áfram norður Rauðarárstíg og yfir Laugavegin.

Áður en ákærður tók að aka aftur á bak, kveðst hann hafa litið út um afturrúðu bifreiðarinnar, en ekki komið auga á neina hindrun eða annað, sem stafaði hættu af ferðum hans eða bifreiðarinnar. Síðan og meðan ákærður ók aftur á bak, kveðst hann hafa haldið vinstri framhurð bifreiðarinnar opinni til að sjá betur til að aka, og minnir kærðan einnig, að ákærður hafi gert þetta. Ákærður hefur tekið fram, að vinstri hjól bifreiðarinnar K. 248 hafi verið fremur stuttan spöl frá gangstéttunum, þ. e. syðri gangstétt Laugavegar og vestari gangstétt Rauðarárstígs, meðan hann var að aka aftur á bak, og gízkar hann á, að vinstri hjól bifreiðarinnar hafi staðið um 1—2 metra frá vestari gangstétt Rauðarárstígs, er hann nam þar staðar, áður en hann ók af stað norður Rauðarárstíg. Eftir þetta segjast þeir félagar, ákærður og kærður, hafa ekið með Ragnhildi Sveinsdóttur að vinnustað hennar í húsinu nr. 166 við Laugaveg, og hafi hún farið þar úr bifreiðinni, en eftir það hafi þeir ekið aftur niður Laugaveg, síðan suður Þverholt að Háteigsvegi, ekið síðan niður síðastnefnda götu að Rauðarárstíg, en beygt norður í hann og haldið að húsinu nr. 22, en þar á kærður heima, og hafi hann farið þar úr bifreiðinni. Eftir það kveðst ákærður hafa ekið Rauðarárstíg að Njálsgötu, beygt vestur hana og ekið eftir henni að Snorrabraut, ekið síðan suður eftir henni og síðan vestur Hringbraut að húsinu nr. 116, en þar býr ákærður. Þeir ákærður og kærður hafa við rannsókn málsins ekki getað eða talið sig geta sagt ákveðið um, hvenær þeir voru staddir á hverjum stað fyrir sig, síðari hluta ferðalags síns þennan umrædda morgun, en telja, að klukkan hafi verið langt gengin 7, þegar Ragnhildur Sveinsdóttir fór úr bifreiðinni við veitingastofuna Bjarg. Hins vegar verður það ráðið af framburðum þeirra Margrétar Hálfðánardóttur og Hálfðánar Daða Ólafssonar, sem kærður bjó hjá umræddan

tíma, að hann (kærður) hafi komið heim til sín ekki síðar en kl. 6.30 um morguninn.

Þeir ákærður og kærður hafa að vísu báðir lýst því yfir, að þeir hafi ekki orðið þess varir, að bifreiðin K. 248 snerti nokkra manneskju, meðan henni var ekið aftur á bak á gatnamótum Laugavegar og Rauðar-árstígs, en segjast hins vegar vera nærri vissir um, með tilliti til þess, hvenær og hvar slysið, sem hér ræðir um, vildi til, að ekki geti annað verið en Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir afturenda bifreiðarinnar K. 248, þegar hún ók aftur á bak um fyrrnefnd gatnamót, og er fram-urður ákærðs lútandi að þessu þó enn ákveðnari, þótt þeir báðir, eins og fyrr segir, segist ekki hafa fundið þess minnstu merki, að bifreiðin rækist á neitt, hvorki dautt né lifandi.

Ákærður kveðst ekki muna, hvort hann hafi gefið hljóðmerki, áður eða um leið og hann ók aftur á bak um margnefnd gatnamót.

Við rannsókn málsins hefur Ragnhildur Sveinsdóttir, sem fyrr er getið, skýrt svo frá, að umræddan morgun hafi hún verið á leið til vinnu sinnar á veitingastofuna Bjarg og gengið austur syðri gangstétt Laugavegar. Ekki hefur Ragnhildur getað gefið neinar ákveðnar upplýsingar um, hvenær það hafi verið, sem þeir ákærður og kærður tóku hana upp í bifreiðina, þar eð hún telur jafnvel, að þennan morgun hafi vekjaraklukkan hennar vakið hana allt of fljótt, en til hafi verið ætlað, að klukkan hringdi kl. 6.30. Svo mikið segir Ragnhildur vera víst, að hún hafi þurft að bíða a. m. k. $\frac{1}{2}$ klst. fyrir utan veitingastofuna Bjarg, áður en eigendur hennar komu þangað, en það mun hafa verið um kl. 7—7.10 um morguninn. Þeim Ragnhildi og ákærðum og kærðum ber ekki saman um tvö atriði lútandi að akstri bifreiðarinnar K. 248, rétt áður og rétt eftir að hún kom upp í bifreið þessa. Annað er það, að Ragnhildur kveðst ekki hafa séð bifreið þessa nema staðar fyrir utan húsið nr. 126 við Laugaveg, rétt áður en hún kom inn í bifreiðina, — en einmitt þá, á leiðinni vestur Laugaveg, segja þeir ákærður og kærður, að Ágústa heitin hafi farið út úr bifreiðinni fyrir utan heimili sitt, — og kveðst þó Ragnhildur hafa verið búin að koma auga á bifreiðina (K. 248), áður en hún ók fram hjá húsi þessu á leiðinni vestur Laugaveg. Hitt er það, að hún segist ekki muna betur en ákærður hafi, eftir að hún kom inn í bifreiðina á fyrrnefndum stað, ekið áfram vestur Laugaveg lítinn spöl, en beygt síðan norður götu nokkra, sem liggur fyrir framan bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar í húsinu nr. 105 við Laugaveg, en gata þessi tengir þarna saman Laugaveg og Hverfisgötu. Ber Ragnhildur því, að bifreiðin K. 248 hafi ekki ekið aftur á bak, meðan hún var í henni. Hins vegar ber Ragnhildi saman við þá ákærðan og kærðan um, að hún hafi ekki orðið þess vör, að bifreiðin rækist á neitt, hvorki manneskju né annað, eftir að hún kom upp í hana, og ekki kveðst hún hafa orðið vör við neina umferð bifreiða né fótgangandi manna á svæði því, sem slysið varð á, er hún fór þar um.

Vitað er um 3 menn, sem urðu varir við ferðir bifreiðarinnar K. 248

um það leyti, sem margnefnt slys varð. Verða þeir nú nefndir og drepð á það í framburðum þeirra, sem máli er talið skipta.

Haraldur Sigurðsson bifreiðarstjóri, Höfðaborg 75 hér í bæ, ók í bifreið niður Laugaveg kl. 6—6.30 þennan morgun. Móts við verzlunina Ás, sem er í húsinu nr. 160 við Laugaveg, kveðst hann hafa ekið fram úr bifreið, sem bar skrásetningarmerkið K. tvö hundruð og eitthvað. Segir hann þeirri bifreið hafa verið ekið fremur hægt vestur Laugaveginn. Kveðst Haraldur við þetta tækifæri hafa séð, að kvenmaður sat í framsæti bifreiðarinnar við hlið stjórnanda hennar, en ekki hafi hann veitt því athygli, hvort nokkur sat í aftursætinu. Út af þessu hafa þeir Haraldur annars vegar og ákærður og kærður hins vegar verið sampróf-aðir. Halda þeir ákærður og kærður fast við, að Ágústa heitin Högnadóttir hafi ekki setið í framsæti bifreiðarinnar K. 248, er henni var ekið niður Laugaveg, stuttu áður en Ágústa fór út úr henni, heldur hafi hún þá setið í aftursæti bifreiðarinnar, en kærður í framsætinu hjá ákærðum. Eftir þetta ók Haraldur niður í bæinn og drakk þar morgunkaffi, en ók síðan austur Hverfisgötu og síðan aftur vestur (niður) Laugaveg, en þá var slysið um garð gengið, og héldu lögreglumenn þá vörð um slystaðinn.

Hjörtur Wilhelm Jensson vélsmiður, Hátúni 15 hér í bæ, var á leið að heiman frá sér til vinnu sinnar í vélsmiðjunni Hamri milli kl. 6—6.30 umræddan morgun, og gekk hann fyrst vestur Laugaveg, en mun hafa haldið vestur Hverfisgötu, eftir að götur þessar skiptast. Þegar Hjörtur Wilhelm var staddur móts við húsið nr. 123 við Hverfisgötu, sá hann bifreið nokkra, sem mun hafa verið bifreiðin K. 248, standa kyrra á Laugavegi skammt fyrir austan húsið, sem bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar er í (nr. 118). Sá hann þá manneskju nokkra ganga frá bifreið þessari í áttina að Litlu bílastöðinni. Ekki sá Hjörtur Wilhelm, hvað af manneskju þessari varð. Litlu síðar sá hann bifreiðina aka af stað vestur Laugaveg, og um leið kveðst hann hafa séð kvenmann koma gangandi austur eftir syðri gangstétt Laugavegar. Segir hann umrædda bifreið síðan hafa numið staðar, er hún mætti kvenmanni þessum, fyrir utan húsið, sem bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar er í (nr. 118 við Laugaveg). Hjörtur Wilhelm segir bifreiðina hafa stöðvazt svo nálægt gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs, að nokkur hluti hennar hafi staðið út á Rauðarárstíginn. Eftir þetta þóttist Hjörtur heyra, að verið væri að aka bifreiðinni aftur á bak, og sá hana eftir það aka norður Rauðarárstíg og síðan austur Hverfisgötu. Ekki segir hann sér hafa fundizt neitt athugavert við akstur bifreiðar þessarar, og ekki kveðst hann hafa heyrt nein annarleg hljóð um það leyti, sem verið var að aka bifreiðinni aftur á bak á gatnamótum Laugavegar og Rauðarárstígs. Ekki varð Hjörtur Wilhelm var við aðra umferð bifreiða eða gangandi manna á þessum slóðum en þá, sem hér hefur verið minnzt á. Hann heldur því fram, að hann hafi séð þessa sömu bifreið aka suður Höfðatún og síðan inn á Laugaveg, er hann gekk fram hjá mótum þessara gatna. Út af þessu hefur ákærður tekið fram og staðhæft, að hann hafi

aldrei ekið um Höfðatún umræddan morgun. Hann hefur einnig látið þess getið, að hann hafi ekki orðið þess var, að Ágústa heitin gengi í áttina að Litlu bílastöðinni, eftir að hún fór út úr bifreið hans, en vill þó ekki fullyrða, að ekki hafi þetta getað gerzt um það leyti, sem hann ók af stað, þótt ekki yrði hann þess var.

Að því er næst verður komizt, um kl. 6.30 eða e. t. v. nokkru fyrr margnefndan morgun ók Sigurjón Marteinn Jónsson bifreiðarstjóri, Efstasundi 58 hér í bæ, í bifreiðinni R. 2611 austur Hverfisgötu neðan úr miðbænum. Við gatnamót Rauðarárstígs og Hverfisgötu, að því er hann minnir, ók bifreið, sem bar skrásetningarmerkið K., í veg fyrir hann af Rauðarárstíg, og varð hún því á undan honum austur Hverfisgötu, en þangað hélt hún, eftir að hún beygði, að því er Sigurjón Marteinn telur, fremur af Rauðarárstíg en af götunni, sem liggur milli Laugavegar og Hverfisgötu fyrir framan hús bifreiðaverzlunar Sveins Egilssonar. Ók síðan bifreið þessi áfram austur Hverfisgötu og síðan Laugaveg, og kveðst Sigurjón Marteinn ekki muna betur en henni hafi loks verið ekið inn á auða svæðið við hús Mjólkurstöðvarinnar við Laugaveg. Þó þorir hann ekki að fullyrða, að bifreiðinni hafi ekki verið ekið að veitingastofunni Bjargi, sem er í húsinu nr. 166 við Laugaveg, eins og fyrr er sagt. Ekki kveðst Sigurjón Marteinn hafa tekið eftir, að bifreið þessari, sem líkur eru til, að verið hafi bifreiðin K. 248, hafi verið ekið óeðlilega hratt eða að nokkuð hafi yfirleitt verið athugavert við akstur hennar. Hann kveðst ekki hafa séð nema bifreiðarstjóran einan í bifreið þessari, en vill þó alls ekki fullyrða, að ekki kunni að hafa verið fleira fólk í bifreiðinni, þótt ekki sæi hann það, enda hafi verið myrkur, er hann sá bifreiðina, og auk þess hafi hann aðeins séð aftan á hana.

Við rannsókn málsins hefur ekkert komið fram, sem benti til þess, að þeir ákærður og kærður hafi verið undir áhrifum áfengis aðfaranótt hins 7. október sl. og að morgni þessa dags. Þess skal getið, að meðan á lögreglurannsókn máls þessa stóð, framkvæmdu rannsóknarlögreglumenn nákvæma rannsókn af neðri hlið botns bifreiðanna K. 248 og R. 2611. Fundu þeir þar m. a. hár, sem virtust vera af kvenmanni, og ullartægju undir bifreiðinni K. 248. Var Niels Dungal prófessor falið að rannsaka hár þessi og bera þau saman við hár af höfði Ágústu heitinnar Högnadóttur. Komst prófessorinn að þeirri niðurstöðu, að sennilega væri ekkert þeirra hára, sem undir bifreiðunum fundust, af Ágústu heitinni, og ekki taldi hann heldur líkindi til, að ullartægjan væri úr fötum hennar, eftir að hann hafði borið hana saman við fót Ágústu.

Þess skal að lokum getið, að að kvöldi hins 7. október sl. eða að kvöldi sama dags og slysið vildi til, komu þau ákærður, kærður og Ragnhildur Sveinsdóttir sér saman um að bera allt annað en það, sem hér að framan er rakið, um ferðir sínar, eftir að Ágústa heitin fór út úr bifreiðinni K. 248, ef lögreglan krefði þau sagna um þetta. Samkvæmt þessu skyldu þeir ákærður og kærður t. d. bera, að Ágústa hefði farið út úr bifreiðinni við húsið nr. 1 við Baugsveg og síðan hefðu þeir ekið inn í Kleppsholt. Enn fremur komu þau þrjú sér saman um, að þau

skyldu bera, ef til kæmi, að ákærður hefði alls ekki ekið aftur á bak, eftir að Ragnhildur kom inn í bifreiðina við bifreiðaverzlun Egils Vilhjálmssonar, heldur hefði hann ekið nokkuð áfram og beygt síðan norður götuna, sem liggur fyrir framan bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar, og komizt þannig út á Hverfisgötu. Eftir því sem á rannsókn málsins leið, breyttu þeir ákærður og kærður smátt og smátt framburðum sínum til samræmis við það, sem hér að framan er rakið, en Ragnhildur lét hins vegar aldrei að fullu af því, að bifreiðinni hefði aldrei verið ekið aftur á bak, eftir að hún kom inn í hana, heldur beygt norður fyrirnefnda götu við bifreiðaverzlun Sveins Egilssonar.

Hefur nú verið dregið á hið helzta í framburðum allra þeirra, sem við rannsókn málsins hafa getað gefið einhverjar upplýsingar, sem gætu gefið til kynna, með hvaða hætti margnefnt slys varð, og máli eru taldar skipta.

Ber þá að athuga, hvort þeir ákærður og kærður teljist hafa brotið þau ákvæði laga og lögreglusamþykktar Reykjavíkur, sem mál þetta er höfðað fyrir brot gegn.

Þótt margt sé í rauninni á huldu um, með hvaða hætti margnefnt slys varð, verður þó með tilliti til framburða þeirra ákærðs og kærðs um, að nálega geti ekki annað verið en konan Ágústa Högnadóttir hafi orðið fyrir afturenda bifreiðarinnar K. 248, þegar henni var ekið aftur á bak um gatnamót Laugavegar og Rauðarárstígs, svo og með tilliti til, að öðrum bifreiðum en þessari sé ekki til að dreifa, sem verið hafi á ferðinni um stað þann, sem slysið varð á, á þeim tíma, sem það virðist hafa viljað til, — að telja fram komnar svo sterkar líkur fyrir því, að bifreiðin K. 248 hafi í margnefnt skipti ekið á konuna Ágústu Högnadóttur og valdið henni þeim lemstrum, sem leiddu hana til bana, að telja verði það eftir atvikum nægilega sannað. Þótt konan sjálf kunnir e. t. v. að hafa átt mikla sök á því, hvernig til tókst, verður þó að telja, að ákærður hafi ekki gætt fyllstu varúðar, þegar hann ók aftur á bak um fyrirnefnd gatnamót, enda hefði hann með frekari aðgæzlu átt að geta orðið konunnar var, þótt ekkj hafi hann e. t. v. átt von á henni á þessum stað og tíma.

Gegn ákveðinni neitun ákærðs, kærðs og Ragnhildar Sveinsadóttur telst ósannað, að þau hafi orðið þess vör, er Ágústa heitin Högnadóttir varð fyrir bifreiðinni K. 248 og dróst með henni (bifreiðinni) langan spöl.

Með óaðgæzlu sinni telst ákærður því hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, og 2. gr., 3. mgr., og 4. gr. umferðarlaga, nr. 24 16. júní 1941. Með því að aka aftur á bak austur Laugaveg hefur ákærður brotið fyrirmæli samþykktar bæjarstjórnar Reykjavíkur frá 5. júní 1930 um einstefnuakstur vestur Laugaveg, sbr. 30. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, nr. 2 7. janúar 1930.

Þá hefur ákærður enn fremur brotið 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940, með því að valda mannsbana með akstri sínum, sem ekki telst hafa verið nægilega gætilegur.

Loks hefur ákærður brotið 15. gr. áfengisлага, nr. 33 9. janúar 1935, með því að selja áfengi.

Þykir refsing hans, samkvæmt 215. gr. hegningarlaganna, 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 33. gr. áfengislaganna, 96. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur og með tilliti til 77. gr. hegningarlaganna hæfilega ákveðin varðhald í 45 daga.

Þá þykir rétt, samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna og með tilliti til fyrri brota ákærðs, að svipta hann ævilangt frá birtingu dóms þessa leyfi til að aka bifreið.

Með játningu kærðs telst sannað, að hann hafi fengizt við áfengissölu aðfaranótt hins 7. október sl., og hefur hann með því gerzt brotlegur við 15. gr. áfengislaganna. Þykir refsing hans samkvæmt 33. gr. nefndra laga hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærður og kærður voru í gæzluvarðhaldi vegna máls þessa dagana 9.—20. október sl. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir eftir atvikum rétt að ákveða, að gæzluvarðhaldið komi til frádráttar refsingu ákærðs og einnig vararefsingu kærðs, ef hún kemur til framkvæmda.

Ákærður greiði skipuðum verjanda sínum, Benedikt Bjarklind, cand. juris, kr. 500.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði þeir ákærður og kærður in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærður, Elías Ben Sigurjónsson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið frá birtingu dóms þessa að telja.

Kærður, Ólafur Bjarni Ólafsson, greiði 2000 króna sekt til Menningarsjóðs, og komi varðhald 30 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Gæzluvarðhald ákærðs komi til frádráttar refsingu hans, og gæzluvarðhald kærðs komi til frádráttar vararefsingu hans, ef hún kemur til framkvæmda.

Ákærður greiði skipuðum verjanda sínum, Benedikt Bjarklind, cand. juris, kr. 500.00 í málsvarnarlaun, en allan annan sakarkostnað greiði ákærður og kærður in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.